

öðlast gildi hinn 1. febrúar 1980. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 79 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. með áorðnum breytingum.

Viðskiptaráðuneytið, 14. desember 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Menningarsjóðs Borgarness, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómismálaráðherra 4. desember 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Menningarsjóðs Borgarness.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Borgarness.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 22. mars 1967, í tilefni af 100 ára verslunarafmæli Borgarness.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er þessi:

- a) Að styrkja námsfólk úr Borgarnesi, sem sýnt hefur góðan námsárangur (skarað hefur fram úr í námi), til framhaldsnáms innanlands eða utan.
- b) Að búa Dvalarheimili fyrir aldrað fólk í Borgarnesi svo úr garði, að það uni dvöl sinni þar sem best.
- c) Að styrkja önnur mál sem varða menningar-, (mennta-) og umhverfismál Borgnesinga.
- d) Að leggja fram fé til Listasafns Borgarness.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00, ein milljón krónur, sem greidd var af Borgarneshreppi árin 1968—1977.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Árlegt framlag Borgarneshrepps, er nemur 1% af álögðum útsvörum á hverjum tíma (í fyrsta sinn 1978).
- b) Vextir, áheiti og önnur skyld fjárframlög.
- c) Minningargjafir og aðrar gjafir til menningarmála.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Hann skal ávaxtast þar sem sjóðsstjórn telur heppilegast og tryggast. Úthlutun úr sjóðnum má nema vaxtatekjum hans hverju sinni, svo og árlegu framlagi Borgarneshrepps.

Sjóðsstjórnin hefur heimild til að leggja vexti og framlag Borgarneshrepps til höfuðstóls einstök ár, einnig geyma til síðari ára, til úthlutunar þá, nokkurn hluta eða allt, sem kemur til úthlutunar ár hvert.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn og fimm til vara, sem eru kosnir hlutfallskosningu af hreppsnefnd Borgarness til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Stjórnin kys sér formann og ritara úr sínum hópi.

8. gr.

Stjórn sjóðsins heldur gjörðabók fyrir sjóðinn. Í hana færir hún meðal annars skipulagsskrá þessa. Einnig árlega reikninga sjóðsins, ennfremur umsóknir um styrk og hverjum styrkur er veittur hverju sinni.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Borgarneshrepps og þeir birtir ásamt reikningum hreppsins.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

REGLUGERÐ**um loðnuveiðar á vetrarvertíð 1980.**

1. gr.

Á vetrarvertíð 1980 eru loðnuveiðar bannaðar öllum þeim sem ekki hafa þar til sérstök leyfi ráðuneytisins. Slík leyfi munu fá einungis þau skip sem loðnuveiðar stunduðu á sumar- og haustvertíð 1979 svo og þau loðnuskip sem voru í smíðum eða breytingum á þeim tíma.

2. gr.

Loðnuvertíðin skal hefjast kl. 12.00 á hádegi 8. janúar 1980. Frá þeim tíma og þar til loðnan er orðin hæf til frystingar eða hrognatöku, að dómi ráðuneytisins, skal heimilt að veiða 100 þúsund lestir loðnu. Ráðuneytið getur aukið við þetta aflahámark eða stöðvað veiðarnar með 2ja daga fyrirvara með tilkynningum í útvarpi og orðsendingu til loðnubáta um strandstöðvar Landssímans.

3. gr.

Eftir að loðnan er, að dómi ráðuneytisins, orðin hæf til frystingar og hrognatöku, skal heimilt að hefja sérstakar loðnuveiðar í þessu skyni og getur ráðuneytið